



Gátlisti

Vegna beiðni um fyrirframleyfi til endurkaupa gerninga sem teljast til eiginfjárgrunns

Lækkun, innlausn eða endurkaup gerninga (hér eftir til einföldunar *endurkaup*) sem teljast til eiginfjárgrunns (CET1, AT1 og T2) eru háð fyrirframleyfi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands skv. 77. gr., sbr. 78. og 79. gr., reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sbr. 1. gr. c laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Veita skal upplýsingar, eftir því sem við á, í samræmi við eftirfarandi gátlista sem byggir á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014, með síðari breytingum, sbr. reglur nr. 696/2024, um útreikning fjármálafyrirtækja á eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum. Þar sem við á, skal veita upplýsingar á eininga-, samstæðu- og undir-samstæðugrunni.

Endurkaupabeiðni skv. 30. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014

Ákvæði reglugerðarinnar	Upplýsingar og gögn
a-liður 1. mgr. 30. gr.	Vel rökstudd útskýring á fyrirhuguðum endurkaupum.
b-liður 1. mgr. 30. gr.	Upplýsingar um hvort óskað sé eftir heimild sem byggist á a- eða b-lið 1. mgr. 78. gr. CRR eða hvort óskað sé eftir almennu fyrirframleyfi.
c-liður 1. mgr. 30. gr.	Ef innkalla, innleysa eða endurkaupa á AT1 eða T2 gerninga eða tengdra yfirverðsreikninga innan fimm ára eftir útgáfudag þeirra skv. 4. mgr. 78. gr. CRR, þarf að útskýra hvernig skilyrðum þeirrar greinar verður fullnægt.
d-liður 1. mgr. 30. gr.	Upplýsingar um fjárhæðir og hlutfallstölur til a.m.k. næstu þriggja ára varðandi kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, þ.m.t. umfang og samsetningu fyrir og eftir endurkaupin og áhrif þeirra á viðeigandi kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skv. CRR, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 70/2020, um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.
e-liður 1. mgr. 30. gr., sbr. d-lið sömu málsgreinar	Upplýsingar til a.m.k. næstu þriggja ára um áætlað umfang og samsetningu eiginfjárgrunns og umfang og samsetningu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga svo tryggt sé að farið sé að viðeigandi kröfum skv. d-lið 1. mgr. 30. gr. fyrir og eftir endurkaupin.

Ákvæði reglugerðarinnar	Upplýsingar og gögn
f-liður 1. mgr. 30. gr., sbr. d-lið sömu málsgreinar	Samantekt á áhrifum endurkaupanna og sams konar slíkra aðgerða sem fjármálafyrirtækið hyggst að auki grípa til innan næstu þriggja ára á við-eigandi kröfur skv. d-lið 1. mgr. 30. gr.
g-liður 1. mgr. 30. gr., sbr. 27. gr.	Ef ætlunin er að skipta út eiginfjárgerningum eða tengdum yfirverðsreikningum í samræmi við a-lið 1. mgr. 78. gr. eða d-lið 4. mgr. 78. gr. CRR skal leggja fram frekari upplýsingar og gögn svo unnt sé að meta gæði og sjálfbærni þeirra, sbr. 27. gr.
4. mgr. 28. gr.	Ef tilgangur endurkaupanna er að fullnægja kaup-aukagreiðslum til starfsmanna hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis skal upplýsa um að þau séu gerð í þeim sérstaka tilgangi.
h-liður 1. mgr. 30. gr.	Greining á áhættu sem fjármálafyrirtækið stendur eða getur staðið frammi fyrir og hvort eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar tryggja viðeigandi viðnámsþrótt gagnvart slíkri áhættu, þ.m.t. niðurstöðum álagsprófa vegna helstu áhættu sem sýna hugsanlegt tap við mismunandi aðstæður.
i-liður 1. mgr. 30. gr.	Ef við á, umfjöllun til næstu þriggja ára um fjármálafyrirtækið viðhaldi umfangi og samsetningu eiginfjárgrunns samkvæmt tilkynningu fjármálaeftirlitsins um eiginfjáralag, sbr. 107. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, fyrir og eftir endurkaupin.
j-liður 1. mgr. 30. gr.	Aðrar upplýsingar sem fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar svo unnt sé að meta beiðni um fyrirframleyfi til endurkaupa.

Endurkaupabeiðni skv. 30. gr. a, sbr. 30. gr. b, framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 241/2014 (almenn beiðni)

Ákvæði reglugerðarinnar	Upplýsingar og gögn
1. mgr. 30. gr. a	Ef sótt er um almennt fyrirframleyfi skv. annarri undirmálsg. 1. mgr. 78. gr. CRR fyrir aðgerð skv. a-lið 1. mgr. 77. gr. CRR skal tilgreina heildarfjárhæð þeirra CET1 gerninga sem til stendur að endurkaupa.
2. mgr. 30. gr. a	Ef sótt er um almennt fyrirframleyfi skv. c-lið 1. mgr. 77. gr. CRR skal tilgreina hvaða útgáfu af AT1 eða T2 gerningum um er að ræða (a) heildarfjárhæð þeirra gerninga sem til stendur að endurkaupa og (b) bókfært heildarvirði útistandandi gerninga í hlutaðeigandi flokki eiginfjárgerninga.

30. gr. b	Hægt er að sækja um heimild til endurnýjunar á almennu fyrirframleyfi að hámarki eitt ár í senn. Beiðni um endurnýjun er undanþegin veitingu upplýsinga skv. a-d-, f-, g- og i-lið 1. mgr. 30. gr.
-----------	--

Ákvæði reglugerðarinnar	Tímamörk beiðni
31. gr.	<p>Leggja skal fram beiðni um fyrirframleyfi a.m.k. fjórum mánuðum áður en handhöfum gerninganna er tilkynnt um endurkaupin.</p> <p>Beiðni um almennt fyrirframleyfi skal leggja fram a.m.k. fjórum mánuðum áður en endurkaupin eiga að eiga sér stað. Beiðnina skal leggja fram a.m.k. þremur mánuðum áður en hún fellur úr gildi. Ef ekki, skal útskýra hvers vegna?</p>
